

**3512. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
20. október 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2210075 - Lokahóf KFÍA, Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Umsókn Knattspyrnufélags ÍA um tækifærisleyfi vegna Árgangamóts ÍA á Jaðarsbökkum 12. nóvember 2022. Tímasetningin er frá kl. 18:00 til kl.02:00 aðfararnótt 13. nóvember 2022.

LL vísar af fundi undir þessum lið sem og undir dagskrárlíðum nr. 2 og nr. 3. EBr tekur sæti í hennar stað á fundinum.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra og annarra viðbragðsaðila og að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar kunna að koma fram.

Samþykkt 3:0

2. 2210043 - Kirkuhvoll - umsókn um afnot af húsnæði

Erindi frá Knattspyrnufélgi ÍA um að fá að nýta Kirkjuhvol fyrir íþróttafólk á vegum KFÍA og mögulega annarra íþróttafélaga þar til bærinn hefur ráðstafað húsinu.

Bæjarráð samþykkir að húsnæðið verði nýtt tímabundið af ÍA gegn hóflegri leigu en mikilvægt að það sé útfært þannig að unnt sé að losa það með skömmum fyrirvara komi til þess að það verði selt eins og samþykkt hefur verið að gera. Leigutaki tryggji að umgengni og rekstur (þrif o.fl.) verði með fullnægjandi hætti.

Samþykkt 3:0

3. 2210078 - Íþróttahús við Vesturgötu - LED skjár

Umsókn frá Körfuknattleiksfélagi ÍA um kaup á LED skjá í íþróttahúsið á Vesturgötu.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2023. Afla þarf nákvæmari upplýsinga um áætlaðan heildarkostnað með uppsetningu.

Samþykkt 3:0

EBr vísar af fundi og LL tekur sæti á fundinum.

g.v.
LL

4. 2210076 - Kvennaathvarfið - rekstrarstyrkur fyrir árið 2023

Beiðni Samtaka um Kvennaathvarf um rekstrarstyrk vegna ársins 2023.

Bæjarráð samþykkir að gera ráð fyrir styrkveitingu í fjárhagsáætlun ársins 2023 að fjárhæð kr. 450.000 til kvennaathvarfsins.

Styrkveitingin verður greidd út á næsta ári samkvæmt framlögðum reikningi.

Samþykkt 3:0

5. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar.

Kristjana Helga Ólafsdóttir situr fundinn undir þessum lið sem og undir dagskrárlið nr. 6.

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunarinnar verður á fundi bæjarráðs sem verður þann 27. október næstkomandi.

Samþykkt 3:0

6. 2209272 - Langtímafjármögnun Akraneskaupstaðar

Tilboð Arion, Landsbankans og Íslandsbanka lögð fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram og það verður tekið til afgreiðslu á næsta fundi sem verður þann 27. október næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga vísar af fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:55.

Líf Lárusdóttir

Valgerður G. Jónsdóttir

Ragnar Sæmundsson

Sæm Far brúna

Sæm Far brúna